

Fimmtudaginn 21. september 1950.

Kærumálið nr. 7/1950.

Samvinnutryggingar

gegn

Framtíðinni h/f.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans
Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfsson-
ar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. júní þ. á., sem hingað barst 21. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85 frá 1936 skotið til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á., í máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði um málskostnað verði úr gildi fellt og að honum verði dæmdur úr hendi varnaraðilja málskostnaður fyrir héraðsdómi í málinu svo og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð um málið.

Tjón það, sem í málinu greinir, varð hinn 21. ágúst 1948. Sóknaraðili greiddi varnaraðilja þær váttryggingarbætur, sem hann taldi sér skylt að inna af hendi, hinn 4. september s. á., er málið var þingfest. Samkvæmt 16. gr. í skilmálum váttryggingarskírteinisins skal greiðsla á skaðabótum „fyrir algert tap“ fara fram „venjulega 2 mánuðum eftir að nauðsynlegar sannanir eru fyrir hendi“. Þegar á þetta er litið, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi með drætti á því að inna téða váttryggingarfjárhæð af hendi bakað sér skyldu til greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi. Samkvæmt þessu og atvikum málsins að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Málskostnaður í héraði í málinu Framtíðin h/f gegn Samvinnutryggingum fellur niður.

Varnaraðili, Framtíðin h/f, greiði sóknaraðilja, Samvinnutryggingum, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. júní 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Framtíðin h/f Hafnarfirði höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 3. sept. 1948 gegn Samvinnutryggingum, hér í bænum, til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 80000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum á þá leið, að hann krafðist *aðallega* greiðslu á kr. 56470.59 auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu af kr. 80000.00. Til vara krafðist hann greiðslu á kr. 42970.59 auk 6% vaxta af fjárhæðinni, svo sem hér að framan er sagt, og málskostnaðar að skaðlausu af kr. 66500.00.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Þá hefur stefndi krafizt þess til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð niður í kr. 39058.82, og til þrautavara niður í kr. 48470.59. Loks hefur stefndi krafizt þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef varakrafa hans eða þrautavarakrafa yrði tekin til greina.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt laugardagsins 21. ágúst 1948 var v/b Jón Magnússon G. K. 425 á leið frá Tjörnesi til Siglufjarðar með 275 tunnur sildar á þilfari. Hafði hann snurpunótabátana í eftirdragi, og var nótin í bátunum. Er báturinn var staddur um 3/4 sjómílur í norður af Siglunestá, slitnaði fremra millibandið milli bátanna með þeim afleiðingum, að þeim hvolfdi báðum. Vindur var af norðaustri um 3 vindstig og bára. Er bátnum hvolfdi, var þegar stöðvað og reynt að losa nótna við bátana, en það bar ekki árangur, og engin tók reyndust á að bjarga nótna eða bátum. Voru því sett flot á dráttartaugar bátanna, sem voru um 30 faðma langar, en dýpi var þarna um 15 faðmar. Hélt v/b Jón Magnússon síðan til Siglufjarðar, ef unnt væri að fá stærra skip til björgunar, og tilkynnti skipstjóri bátsins umboðsmanni stefnda þar tjónið.

Hélt v/b Jón Magnússon síðan aftur á stað þann, er hann hafði skilið við bátana á, og beið þar komu varðskipsins Ægis, en umboðsmaður stefnda á Siglufirði hafði beðið aðstoðar, er báðir bátarnir með nótninni höfðu sokkið. Kom Ægir á staðinn kl. 18.20, tókst að ná upp öðrum

bátnum og nóttinni, og voru munir þessir síðan fluttir til Siglufjarðar. Fyrir björgun þessa greiddi stefndi Skipaútgerð ríkisins kr. 8000.00.

Samkvæmt váttryggingarskírteini, dags. 30. júní 1948, voru bátarnir og nótin váttryggð hjá stefnda frá útgáfudegi skírteinisins til 30. sept. s. á. fyrir kr. 80000.00. Samkvæmt virðingargerðum tveggja manna, dags. 25. og 26. ágúst 1948, en aðiljarnir höfðu útnefnt sinn matsmanninn hvor, er verðmæti hvors báts metið á kr. 25000.00 og verðmæti nótarinnar á kr. 35000.00, eða verðmæti hins váttryggða samtals á kr. 85000.00. Voru því munir þessir í eigin váttryggingu stefnanda að 1/17 hluta, enda hefur því ekki verið haldið fram, að váttryggingarskírteinið hafi verið „takserað“.

Aðalkröfu sína reisir stefnandi á því, að tjónið á hinum váttryggðu munum hafi verið algert. Ljóst sé þetta, að því er varðar bát þann, er ekki náðist upp. En auk þess telur hann, að báturinn, sem bjargaðist, og nótin hafi verið svo illa farin, að munir þessir hafi verið ónýtir. Hafi því stefnda borið skylda til að greiða alla váttryggingarfjárhæðina. Við þingfestingu málsins hafði hann greitt 16/17 hluta af verðmæti báts þess, sem fórst, og standi því eftir ógreitt af váttryggingarfénu kr. 56470.59.

Varakröfuna reisir stefnandi á því, að enda þótt svo verði litið á, að tjón á hinum björguðu munum (bátnum og nóttinni) hafi ekki verið algert, þá hafi váttryggingin tekið til alls þess tjóns, sem varð á hinum váttryggðu munum í umrætt skipti. Samkvæmt áðurnefndum virðingargerðum virtu matsmennirnir kostnað við að gera við bát þann, sem bjargað var, kr. 16500.00, og viðgerðarkostnað nótarinnar kr. 25000.00. Verðmæti báts þess, sem fórst, var, svo sem áður er sagt, kr. 25000.00. Nam því tjón á hinum váttryggðu munum samtals kr. 66500.00. Þegar frá upphæð þessari er dregin fjárhæð sú, sem stefndi greiddi við þingfestingu, kemur varakrafa stefnanda út. Visar stefnandi til stuðnings varakröfunni til 19. gr. laga nr. 17 frá 1914, en þar segir m. a. svo: „Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir tryggðu hagsmunir eru lagðir í á váttryggingartímanum og váttryggður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sérstaklega undanskilinn.“

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða tjónbætur vegna báts þess, er tapaðist algerlega. Heldur hann því fram, að algert tjón hafi ekki orðið á hinum bátunum eða nóttinni, og skemmdir þær, sem á þeim urðu, hafi ekki stafað af neinu því atviki, sem ábyrgð hafi verið tekin á í váttryggingarskilmálunum, og beri honum því ekki að greiða tjónbætur vegna nefndra muna.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að hann hafi þegar greitt tjónbætur, að svo miklu leyti sem honum sé skylt, fyrir bát þann, sem fórst. Af tjóninu á hinum bátnum og nóttinni, kr. 41500.00, geti honum aðeins borið að greiða 16/17 hluta, eða kr. 39058.82.

Þrautavarakrafa stefnda er við það miðuð, að svo verði litið á, að tjón á hinum váttryggðu munum hafi verið algert. Frá váttryggingarfjárhæðinni, kr. 80000.00, telur stefndi, að þá beri að draga þegar greiddan björg-

unarkostnað, kr. 8000.00, og fjárhæð þá, sem greidd var við þingfestingu, kr. 23529.41, og standa þá eftir kr. 48470.59.

Svo sem áður er greint, var verðmæti hvers báts fyrir þann tíma, er tjónið varð, kr. 25000.00, og verðmæti nótarinnar kr. 35000.00. Samkvæmt framangreindum virðingargerðum virtu matsmennirnir viðgerðarkostnað bátsins kr. 16500.00 og viðgerðarkostnað nótarinnar kr. 25000.00. Lýsa matsmennirnir skemmdunum á bátnum svo, að báturinn hafi verið brotinn að ofan báðum megin, bönd brotin og hann liðaður. Í bátnum var 25 hestafla Gray-vél. Segja matsmennirnir, að allar leiðslur í vélinni ásamt rafgeymum hafi verið ónýtt og öll verkfæri frá henni týnd. Í virðingargerð um nótina er skemmdunum á henni ekki lýst. Í málinu kemur fram, að bátnum var breytt í hringnótabát. Hefur skipasmiður sá, sem sá um breytinguna, borið það sem vitni, að hann hafi ekki talið borga sig að gera við bátinn sem snurpunótabát eða breyta honum í hringnótabát vegna þess, hve hann hafi verið illa farinn. Annað vitni hefur borið það, að nótin hafi öll verið sundurflett og rifin og auk þess hafi vantað mikið af grunnteini við hana. Segir það, að nótin hafi verið notuð til þess að lengja með henni aðra nót, enda hafi ekki verið hægt að notfæra sér hana á annan hátt. Telur vitni þetta, að nótin hafi verið svo illa farin, að viðgerð á henni hafi alls ekki borgað sig. Þó segir vitnið, að meginhluti korkateinsins hafi fylgt nótinni og hafi korkið verið notað svo og eitthvað af teininum.

Þrátt fyrir vætti vitna þessara þykir verða að leggja til grundvallar áðurgreindar virðingargerðir um verðmæti bátsins, sem bjargaðist, og nótarinnar, eftir að tjónið varð. Samkvæmt framansögðu nam þá verðmæti bátsins kr. 8500.00 og verðmæti nótarinnar kr. 10000.00, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að eigi hafi svarað kostnaði að gera við munina. Verður því eigi fallið á það hjá stefnanda, að tjón á munum þessum hafi verið algert, og hefur þá aðalkrafa stefnanda ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt fyrrgreindu váttryggingarskirteini voru hinir váttryggðu munir tryggðir með eftirgreindum skilmálum, auk hinna almennu skilmála („Dansk Söforsikrings Konvention af 2. Apríl 1934“): „Tryggingin gildir fyrir tjóni af eldi, strandi eða árekstri skipsins, björgunarkostnaði og sameiginlegu sætjóni svo og algerðu tapi á nót með bátum eða bát á samt algerðu tapi á bát eða bátum.“ Í þessum sérstöku skilmálum eru tæmandi talin atvik þau eða áhætta, sem stefndi tryggir hina váttryggðu hagsmuni gegn. Þykir verða að fallast á það hjá stefnda, að tjón það, sem varð á bát þeim, sem náðist, og nótinni hafi ekki stafað af atvikum þeim, sem í skilmálunum greinir, og ber stefndi því ekki ábyrgð á umræddu tjóni. Hefur því varakrafa stefnanda heldur ekki við rök að styðjast.

Eftir því, sem komið hefur fram hér að framan, bar stefnda aðeins að bæta tjón það að 16/17 hlutum, er varð á bát þeim, sem fórst. Þær batur hefur stefndi, eins og áður segir, þegar greitt, og ber því að taka kröfu stefnda um sýknu af frekari tjónbótum til greina. Hins vegar ber að

dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, þar sem fjárhæðin var ekki greidd né boðin fram ákveðið, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, og þykir málskostnaðurinn eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Framtíðarinnar h/f, um tjónbætur í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. september 1950.

Kærumálið nr. 10/1950.

Gunnar Jósefsson

gegn

Almennum tryggingum h/f.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans
Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn. Með kæru 29. júní þ. á., sem hingað barst 6. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Akureyrar, uppkveðnum 28. júní s. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en til vara, að hann verði lækkaður. Svo krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæðið verði